


# *Ársskýrsla Alþingis* *2005–2006*

STÖRF 132. LÖGGJAFARÞINGS  
ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2005



Formáli	5
Inngangur	6
Skipan þingsins á 132. þingi 2005-2006	7
Forsætisnefnd Alþingis .....	7
Þingmenn og þingflokkar á 132. þingi .....	8
Fastanefndir .....	10
Alþjóðanefndir .....	12
Þingstörfin	13
Þingmál .....	13
Þingfundir .....	14
Þingnefndir .....	14
Erlend samskipti	17
Heimsóknir og fundir forseta Alþingis í útlöndum .....	17
Erlendar heimsóknir til Alþingis .....	18
Störf alþjóðanefnda .....	19
Erlend samskipti fastanefnda .....	19
Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning	20
Sérstakar athafnir	21
Skrifstofa Alþingis	22
Starfsmenn skrifstofu Alþingis .....	22
Erlend samskipti starfsfólks á árinu 2005 .....	24
Húsakostur Alþingis	25
Stofnanir Alþingis 2005	26
Ársreikningur Alþingis 2005	29



Á forsíðu og víðar í þessari ársskýrslu eru ljósmyndir eftir Pál Stefánsson úr Þjóðgarðinum Snæfellsjökli sem stofnaður var 28. júní 2001.

Í bæklingi útgefnum af Umhverfisstofnun 2003 segir svo um þjóðgarðinn:

„Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er vestast á Snæfellsnesi og flatarmál hans er um 170 km<sup>2</sup>. Að sunnan liggja mörk hans um austurjaðar Háahrauns í landi Dagverðarár og að norðan á austurmörkum Gufuskálalands. Jökulhetta Snæfellsjökuls er innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn hefur þá sérstöðu meðal íslenskra þjóðgarða að vera sá eini sem nær í sjó fram. Ströndin er fjölbreytileg þar sem skiptast á vogar með grýttum eða sendnum ströndum og snarbrattir sjávarhamrar með iðandi fugla-

lífi um varptímann. Láglandið er að mestu hraun sem runnið hafa frá Snæfellsjökli eða eldvörpum á láglandi. Hraunin eru víðast þakin mosa en inn á milli má finna fallega, skjólsæla bolla með gróskumiklum gróðri. Snæfellsjökull gnæfir tignarlegur yfir umhverfinu og greinilega má sjá hvernig hraunstraumar og hraunfossar hafa runnið niður eftir hlíðum hans. Undirfjöll hans eru margbreytileg að lögun, svo sem Hreggnasi, Geldingafell og Svörtutindar. Eysteinsdalur gengur upp frá láglandinu. Þar er komið í annað landslag, dal girtan fjöllum sem kalla á göngufúsa fætur.“

Þjóðgarðar eru þjóðareign og er öllum frjálst að fara um þá, samkvæmt lögum sem um þá gilda.

Hér kemur fyrir almenningssjónir áttunda ársskýrsla Alþingis. Skýrslan nær yfir 132. löggjafarþing sem hófst 1. október 2005 og lauk 30. september 2006. Í ársskýrslunni er greint frá þingstörfum á 132. þingi og rekstri Alþingis fjárhagsárið 2005. Þá eru upplýsingar um skrifstofu þingsins og starfsmannahald. Ársskýrslan verður sem fyrr send alþingismönnum, ráðuneytum og stofnunum ríkisins og fjölmiðlum, svo og þeim sem þess óska. Þá verður skýrslan birt á vef Alþingis og þannig tryggt að hún sé aðgengileg almenningi.

Ég hef lagt á það áherslu að mikilvægt sé að Alþingi standi sig vel í því að kynna starfsemi sína enda er þjóðþingið grundvöllur þeirrar lýðræðisskipunar sem við búum við. Útgáfa ársskýrslu Alþingis er einn liður í því að miðla slíkum upplýsingum og gera um leið starfsemi Alþingis sýnilegri. Þessu til viðbótar hefur margt annað verið gert til að auka þekkingu og upplýsingar um starfsemi Alþingis og má í því sambandi nefna vef Alþingis og heimsóknir skólanema og annarra gesta í Alþingishúsið, auk þess sem margvíslegt upplýsingaefni er gefið út um þingið.

Ég er þó þeirrar skoðunar að tímabært sé að stíga stærra skref í þessum efnum og hef verið talsmaður þess að Alþingi beiti sér fyrir sérstakri fræðslu meðal skólanema um löggjafarstörf og efla þannig skilning og þekkingu þeirra á stjórnskipulagi okkar, starfsháttum Alþingis og lýðræðislegum vinnubrögðum. Í þessu sambandi hef ég horft til reynslu frændþjóða okkar á Norðurlöndum en þar hafa verið starfrækt skólaþing sem svo má kalla á íslensku.



Þar byggjast skólaþingin á því að nemendur eiga þess kost að glíma dagstund við verkefni þingmanna og þeim er fengin aðstaða til að sinna þessu í húsakynnum þingsins þar sem komið er fyrir smækkaðri útgáfu af þingsalnum, nefndarherbergjum og annarri aðstöðu. Þar gefst nemendum tækifæri undir leiðsögn til að sinna störfum líkt og þingmenn á Alþingi, s.s. að afla sér heimilda, leggja fram mál, sitja í nefndum, hlusta á og meta rök álitsgjafa og taka þátt í þingfundum. Verkefni sem þessi knýja nemendur til að taka afstöðu og rökstyðja mál sitt og um leið þjálfast þau í að tileinka sér lýðræðisleg vinnubrögð og ná sameiginlegri niðurstöðu í málum. Ég er sannfærð um að svona skólaþing geta verið mjög mikilvægur þáttur í því að efla skilning og þekkingu nemenda, og þar með væntanlegra kjósenda, á þeirri lýðræðisskipan

sem þjóðfélag okkar hvílir á. Um leið vona ég vitaskuld að slíkt muni auka áhuga ungs fólks á störfum Alþingis og áhuga þess á að taka þátt í pólitísku starfi.

Undanfarið ár hefur verið unnið að því að koma skólaþinginu á fót og hafa verið mótaðar tillögur um fyrirkomulag þess að norrænni fyrirmynd. Með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007 hefur verið tryggt að skólaþingið geti byrjað af fullum krafti í upphafi vetrar 2007–2008.

Í því yfirliti sem gefið er í ársskýrslunni um störf fastanefnda Alþingis á 132. löggjafarþingi má glögglega sjá hversu veigamiklu hlutverki nefndirnar gegna í starfi þingsins. Það er því mjög ánægjulegt að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007 var samþykkt að auka verulega þá fjárveitingu sem nefndirnar fá til að greiða fyrir aðkeypta sérfræðiþjónustu. Þó að í starfsliði Alþingis sé margt hæfra sérfræðinga er mikilvægt að nefndir þingsins hafi jafnframt möguleika á að leita til utanaðkomandi sérfræðinga, t.d. til að gera úttekt á flóknum álitaeftum eða til að veita aðstoð við samningu frumvarpa sem krefjast mikillar sérfræðiþekkingar. Þá var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007 einnig samþykkt að auka verulega fjárveitingar til erlendra samskipta fastanefndanna en þær hafa fram að þessu haft mjög takmarkaða möguleika á því að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Að mínu mati er staða Alþingis styrkt og starfsaðstaða þingmanna bætt með þessum auknu fjárveitingum til nefndanna.

*Sólveig Pétursdóttir,  
forseti Alþingis.*

Ársskýrsla Alþingis 2005-2006, sem nú er gefin út, nær yfir störf Alþingis á 132. löggjafarþingi, þ.e. frá því í október 2005 fram í sama mánuð 2006 og yfir rekstur og fjármál Alþingis fjárhagsárið 2005. Að mörgu leyti væri hagkvæmni í því fólgin að löggjafarþingin fylgdu almanaksárinu, svo fastur rammi sem það er orðið í þjóðfélaginu. Þingárið er þó rótföst hefð en líkist fremur hinu forna missiratali, eða vetratali, líkt og skólarnir.

Upplýsingaefni um starfsemi Alþingis er af margvíslegu tagi. Auk ársskýrslunnar gefur skrifstofa þingsins út *Handbók Alþingis* að loknum alþingiskosningum og er það víðamesta ritið. Þar eru í senn birtar æviskrár alþingismanna og ýmsar yfirlitsskrár um Alþingi. Enn fremur gefur skrifstofan út ritið *Háttvirtur þingmaður* þar sem finna má lýsingar á störfum og kjörum alþingismanna. Loks er gefið út talsvert af almennum upplýsingaritum eða bæklingum um Alþingi og starf þess, bæði á íslensku og erlendum málum. Er ekki vanþörf á því vegna þess að fjöldi gesta kemur í þinghúsið á hverju ári, skólanemendur og erlendir ferðamenn.

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis fyrir 132. löggjafarþingið, 2005–2006, átti þingstörfum að ljúka í fyrra lagi, eða 4. maí, vegna þess að sveitarstjórnarkosningar skyldu fara fram 27. maí. Hefur þótt æskilegt að störf Alþingis skyggðu ekki á kosningabaráttu sveitarstjórnarmanna. Ekki tókst þó að ljúka afgreiðslu þeirra þingmála sem ríkisstjórn lagði áherslu á fyrir 4. maí og var þingstörfum því frestað fram yfir kosningarnar og kom Alþingi saman á ný 30. maí. Náðist brátt samkomulag um afgreiðslu mála milli stjórnarinnar og stjórnarandstöðuflokka og þingstörfum lauk 3. júní. Mikill fjöldi lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna hlaut því lokaafgreiðslu á örfáum dögum, mál sem flest hver höfðu áður verið rædd og afgreidd frá nefndum. Reyndi mjög á starfsfólk þingsins þá annasömu daga.



Veigamiklar breytingar urðu á skipan Alþingis á seinasta þingi. Bar þar hæst að tveir fyrrverandi forsætisráðherrar, formenn stjórnarflokkanna, létu af þingmennsku. Davíð Oddsson afsalaði sér þingmennsku við upphaf þingsins, 1. október, en nokkrum dögum áður, 27. september 2005, sagði hann af sér sem utanríkisráðherra eftir um eitt ár í því embætti. Hann sat á ráðherrabekk allan sinn þingtíma. Það er ekki óþekkt í þingsöggunni en er sérstætt að því leyti hve lengi það var og að hann var forsætisráðherra lengst af, í rúm 13 ár samfelt, lengur en nokkur annar í því embætti frá því innlend ráðherrastjórn hófst 1904. Sæti Davíðs Oddssonar á Alþingi tók Ásta Möller.

Þá afsalaði Halldór Ásgrímsson sér þingmennsku 5. september 2006, en áður hafði hann sagt af sér sem forsætisráðherra, 15. júní 2006. Halldór átti sæti á Alþingi árin 1974–1978 og frá 1979. Hann var starfsaldursforseti Alþingis, þ.e. átti lengsta fasta þingsetu að baki allra alþingismanna, eftir kosningarnar 2003, en auk þess var ráðherraferill hans óvenjulangur, samtals 19 ár, næstlengstur allra

sem gegnt hafa ráðherrastörfum frá því að heimastjórn komst á 1904. Sæti Halldórs Ásgrímssonar á Alþingi tók Sæunn Stefánsdóttir.

Tveir aðrir þingmenn létu af þingmennsku á 132. þingi: Árni Magnússon félagsmálaráðherra sagði af sér 7. mars 2006 og lagði jafnframt niður þingmennskuumboð sitt. Sæti hans tók Guðjón Ólafur Jónsson. Gunnar Birgisson bæjarstjóri afsalaði sér þingmennsku 30. maí 2006 er ljóst varð að hann mundi helga sig sveitarstjórnarstörfum næstu árin. Hann sat raunar ekki 132. löggjafarþing. Sæti hans á Alþingi tók Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Þrátt fyrir miklar umræður um einstök ágreiningsmál, sem auðvitað ber hæst í fréttaflutningi af störfum Alþingis, er það eigi að síður svo að nær tveir þriðju hlutar allra lagafrumvarpa sem Alþingi samþykkir eru án ágreinings, og eru samhljóða. Um þingsályktunartillögur er hlutfallið enn herra eins og tölur í þessari skýrslu sýna.

Það er lífseigt viðhorf til þingstarfanna að þau fari einungis fram í þingsalnum. Það á sér auðvitað sínar skýringar því að þannig var það áður fyrr, og enn er það svo að einungis umræður í þingsal eru opnar almenningi og fréttamönnum. En því fer fjarri að þetta viðhorf sé rétt. Vonandi sýnir þessi skýrsla hve fjölbreytt störf Alþingis eru utan þingsalarins.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki Alþingis fyrir gott samstarf á seinasta þingi. Störf þess þings voru að ýmsu leyti óvenjuleg fyrir starfsfólkið en því tókst þá, sem endranær, að skila sínu verki vel. Samstarf við forsetana, formenn þingflokka, nefndarformenn og aðra alþingismenn var sem fyrr í hvívetna ánægjulegt og ber að þakka það.

*Helgi Bernódusson,  
skrifstofustjóri Alþingis.*



## *Skipan þingsins á 132. þingi 2005–2006*



*Forsætisnefnd á fundi í Alþingishúsinu. Þuríður Backman, Birgir Ármannsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Jónína Bjartmarz, Jóhanna Sigurðardóttir og Drífa Hjartardóttir.*

### FORSÆTISNEFND ALÞINGIS

Sólveig Pétursdóttir,	forseti Alþingis,
Rannveig Guðmundsdóttir,	1. varaforseti,
Jónína Bjartmarz,	2. varaforseti,
Birgir Ármannsson,	3. varaforseti,
Jóhanna Sigurðardóttir,	4. varaforseti,
Þuríður Backman,	5. varaforseti,
Drífa Hjartardóttir,	6. varaforseti.

Forsætisnefnd hélt 33 fundi á 132. löggjafarþingi og forseti Alþingis hélt u.þ.b. 25 fundi með formönnum þingflokka.

## ÞINGMENN OG ÞINGFLOKKAR Á 132. ÞINGI

Þingflokkar koma vanalega saman til fundar tvisvar í viku á þingtímanum. Á 132. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks 55 fundi, þingflokkur Frjálslynda flokksins u.þ.b. 60 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 65 fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 56 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 52 fundi.

Fjórir þingmenn afsöluðu sér þingmennsku á 132. þingi: Davíð Oddsson við upphaf þingsins, Árni Magnússon þann 7. mars 2006, Gunnar Birgisson 30. maí 2006 og Halldór Ásgrímsson 5. september 2006. Fast sæti á Alþingi í þeirra stað tóku Ásta Möller, Guðjón Ólafur Jónsson og Sigurrós Þorgrímsdóttir, og Sæunn Stefánsdóttir tók sæti

við upphaf 133. þings. Þann 22. apríl 2006 sagði Gísli S. Einarsson varaþingmaður af sér varaþingmennsku. Alls tóku 23 varaþingmenn sæti á 132. löggjafarþingi, þar af sjö í fyrsta sinn.

### Skipan þingflokka

#### FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.<sup>1</sup>
2. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
3. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
4. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
5. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.<sup>2</sup>
6. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
7. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
8. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
9. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
10. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
11. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.

#### FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

1. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
2. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
3. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

#### SAMFYLKINGIN:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
3. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
4. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
5. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
6. Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.
7. Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.
8. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.
9. Jóhann Ársællsson, 2. þm. Norðvest.
10. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
11. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
12. Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.
13. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
14. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
15. Margrét Frímansdóttir, 1. þm. Suðurk.
16. Mörrður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
17. Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.
18. Valdimar L. Friðriksson, 9. þm. Suðvest.
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

#### SJÁLSTÆÐISFLOKKUR:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.
2. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
3. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
4. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
5. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
6. Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.<sup>3</sup>
7. Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.
8. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
9. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
10. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
11. Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.
12. Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
14. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.<sup>4</sup>
15. Gunnar Örylgsson, 10. þm. Suðvest.
16. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
17. Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.
18. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
19. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
20. Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
21. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
22. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
23. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.

#### VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
2. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
3. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
4. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
5. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

<sup>1</sup> Við þingmennskuaufsal Árna Magnússonar þann 7. mars 2006 varð Guðjón Ólafur Jónsson 11. þingmaður kjördæmisins og síðan 7. þingmaður kjördæmisins þegar Halldór Ásgrímsson lét af þingmennsku í byrjun september 2006.

<sup>2</sup> Við þingmennskuaufsal Halldórs Ásgrímssonar 5. september 2006 varð Sæunn Stefánsdóttir þingmaður en hún tók ekki sæti fyrr en við upphaf 133. þings og varð þá 11. þingmaður kjördæmisins.

<sup>3</sup> Við þingmennskuaufsal Davíðs Oddssonar 1. október 2005 tók Ásta Möller sæti og varð 10. þingmaður kjördæmisins.

<sup>4</sup> Við þingmennskuaufsal Gunnars Birgissonar þann 30. maí 2006 varð Sigurrós Þorgrímsdóttir 11. þingmaður kjördæmisins.



## STJÓRNIR ÞINGFLOKKA

### FRAMSÓKNARFLOKKUR:

Hjálmar Árnason formaður,  
Magnús Stefánsson varaformaður,  
Dagný Jónsdóttir ritari.

### FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

Magnús Þór Hafsteinsson formaður,  
Sigurjón Þórðarson varaformaður,  
Guðjón A. Kristjánsson ritari.

### SAMFYLKINGIN:

Margrét Frimannsdóttir formaður,  
Kristján L. Möller varaformaður,  
Ágúst Ólafur Ágústsson ritari.

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

Arnbjörg Sveinsdóttir formaður,  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
varaformaður,  
Drífa Hjartardóttir ritari.

### VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

Ögmundur Jónasson formaður,  
Puríður Backman varaformaður,  
Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

## BREYTINGAR Á RÍKISSTJÓRN

Á fundi ríkisstjórnar þann 7. mars 2006 var tilkynnt um eftirfarandi breytingu á ráðherraskipan: Árni Magnússon lét af störfum og við ráðherradómi hans tók Jón Kristjánsson. Nýr heilbrigðisráðherra varð Siv Friðleifsdóttir.

Á fundi ríkisstjórnar þann 15. júní 2006 var tilkynnt um eftirfarandi breytingar á ráðherraskipan: Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra lét af störfum og við ráðherradómi hans tók Geir H. Haarde. Valgerður Sverrisdóttir var skipuð utanríkisráðherra. Sigríður A. Þórðardóttir lét af störfum og nýr umhverfisráðherra varð Jónína Bjartmarz. Nýr félagsmálaráðherra varð Magnús Stefánsson og af störfum lét Jón Kristjánsson. Nýr iðnaðar- og viðskiptaráðherra varð Jón Sigurðsson, ráðherra utan þings.

## Skipan þingflokka eftir kynjum við upphaf 132. löggjafarþings

Þingflokkar	Karlar	Konur	Fjöldi
Framsóknarflokkur	8	4	12
Frjálslyndi flokkurinn	3		3
Samfylkingin	11	9	20
Sjálfstæðisflokkur	17	6	23
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	3	2	5
	42	21	63

## Varamenn sem tóku sæti á 132. þingi

Varaþingmaður:	Stjórn mála- flokkur:	Aðalmaður:	Tímabil:
Adolf H. Berndsen	S	Sturla Böðvarsson	21.11.-05.12.2005
		Einar K. Guðfinnsson	20.03.-03.04.2006
Atli Gíslason	Vg	Kolbrún Halldórsdóttir	19.04.-04.05.2006
Bjarkey Gunnarsdóttir	Vg	Steingrímur J. Sigfússon	13.03.-19.04.2006
Bryndís Haraldsdóttir*	S	Þorgerður K. Gunnarsdóttir	18.11.-05.12.2005
Brynja Magnúsdóttir	Sf	Margrét Frimannsdóttir	10.10.-24.10.2005
Böðvar Jónsson	S	Drífa Hjartardóttir	17.01.-31.01.2006
Eygló Harðardóttir*	F	Guðni Ágústsson	13.02.-02.03.2006
Fanný Gunnarsdóttir*	F	Guðjón Ólafur Jónsson	21.03.-04.04.2006
Grétar Mar Jónsson	Fl	Magnús Þór Hafsteinsson	10.10.-24.10.2005
Guðjón Guðmundsson	S	Einar K. Guðfinnsson	14.11.-28.11.2005
		Einar K. Guðfinnsson	02.06.-03.06.2006
Guðmundur Magnússon*	Vg	Ögmundur Jónasson	16.11.-06.12.2005
Hlynur Hallsson	Vg	Puríður Backman	01.10.-17.10.2005
		Steingrímur J. Sigfússon	17.01.-13.03.2006
Ingví Hrafn Óskarsson*	S	Björn Bjarnason	24.04.-04.05.2006
Ísólfr Gylfi Pálmason	F	Hjálmar Árnason	17.10.-31.10.2005
		Hjálmar Árnason	23.02.-26.04.2006
Jóhanna Erla Pálmadóttir*	S	Sturla Böðvarsson	16.03.-30.03.2006
Jón Kr. Óskarsson	Sf	Rannveig Guðmundsdóttir	23.01.-06.02.2006
		Rannveig Guðmundsdóttir	02.03.-27.03.2006
Lára Margrét Ragnarsdóttir	S	Geir H. Haarde	05.12.-09.12.2005
		Guðmundur Hallvarðsson	13.02.-27.03.2006
Pétur Bjarnason	Fl	Guðjón A. Kristjánsson	20.02.-06.03.2006
		Guðjón A. Kristjánsson	21.04.-04.05.2006
Sandra Franks*	Sf	Rannveig Guðmundsdóttir	06.02.-02.03.2006
Sigríður Ingvarsdóttir	S	Halldór Blöndal	31.05.-03.06.2006
Sigurrós Þorgrímsdóttir	S	Gunnar Birgisson	01.10.2005-30.05.2006
Sæunn Stefánsdóttir	F	Árni Magnússon	17.01.-06.02.2006
		Guðjón Ólafur Jónsson	07.03.-21.03.2006
Þórarinn E. Sveinsson	F	Birkir J. Jónsson	10.10.-24.10.2005

Þegar \* er aftan við nafnið merkir það að varamaður tekur sæti á Alþingi í fyrsta sinn.



Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra, Árni Magnússon félagsmálaráðherra, Sigríður A. Þórðardóttir umhverfissráðherra og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hlusta á stefnuræðu forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar. Að auki má sjá frá hægri Helga Hjörvar og Guðjón A. Kristjánsson.

Nefndaskipan við upphaf þings, og breytingar sem urðu á þingtímanum:

#### Allsherjarnefnd

Bjarni Benediktsson formaður  
Jónína Bjartmarz varaform.<sup>1</sup>  
Ágúst Ólafur Ágústsson  
Birgir Ármannsson  
Björgvin G. Sigurðsson  
Guðrún Ögmundsdóttir  
Kjartan Ólafsson  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Sigurjón Þórðarson

#### Efnahags- og viðskiptanefnd

Pétur H. Blöndal formaður  
Dagný Jónsdóttir varaform.<sup>2</sup>  
Ásta Möller  
Birgir Ármannsson  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir  
Jóhanna Sigurðardóttir

1 Jónína Bjartmarz varð umhverfissráðherra 15. júní 2006 og Guðjón Ólafur Jónsson varð varaformaður nefndarinnar.

2 Jónína Bjartmarz tók sæti í nefndinni og við varaformennskunni 7. mars þegar Siv Friðleifsdóttir varð heilbrigðisráðherra. Á fundi Framsóknarflokksins 22. ágúst 2006 var tilkynnt að Sæunn Stefánsdóttir yrði varaformaður nefndarinnar, en þá var Jónína Bjartmarz orðin umhverfissráðherra.

Lúðvík Bergvinsson  
Siv Friðleifsdóttir<sup>3</sup>  
Ögmundur Jónasson

#### Félagsmálanefnd

Siv Friðleifsdóttir formaður<sup>4</sup>  
Guðlaugur Þór Þórðarson varaform.  
Birkir J. Jónsson  
Guðjón Hjörleifsson  
Jóhanna Sigurðardóttir  
Lúðvík Bergvinsson  
Magnús Þór Hafsteinsson  
Pétur H. Blöndal  
Valdimar L. Friðriksson

#### Fjárlaganefnd

Magnús Stefánsson formaður<sup>5</sup>  
Einar Oddur Kristjánsson varaform.  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Birkir J. Jónsson<sup>6</sup>

3 Þann 7. mars vék Siv Friðleifsdóttir úr nefndinni og í hennar stað kom Jónína Bjartmarz og varð varaformaður.

4 Dagný Jónsdóttir kom í nefndina í stað Sivjar Friðleifsdóttur þegar sú síðarnefnda varð heilbrigðisráðherra. Ákveðið var síðan á fundi Framsóknarflokksins 22. ágúst að Dagný yrði formaður nefndarinnar.

5 Magnús Stefánsson vék úr fjárlaganefnd þegar hann varð félagsmálaráðherra 15. júní 2006. Guðjón Ólafur Jónsson kom inn í nefndina í hans stað.

6 Birkir J. Jónsson varð formaður nefndarinnar þann 22. ágúst.

Bjarni Benediktsson  
Drífa Hjartardóttir  
Einar Már Sigurðarson  
Guðmundur Hallvarðsson  
Helgi Hjörvar  
Jón Bjarnason  
Katrín Júlíusdóttir

#### Heilbrigðis- og trygginganefnd

Jónína Bjartmarz formaður<sup>7</sup>  
Ásta Möller varaform.  
Ágúst Ólafur Ágústsson  
Ásta R. Jóhannesdóttir  
Guðrún Ögmundsdóttir  
Gunnar Örlygsson  
Pétur H. Blöndal  
Siv Friðleifsdóttir<sup>8</sup>  
Þuríður Backman

7 Jónína Bjartmarz hætti sem formaður þegar hún varð umhverfissráðherra 15. júní 2006 og sæti hennar tók Guðjón Ólafur Jónsson.

8 Siv Friðleifsdóttir vék sæti þegar hún tók við heilbrigðisráðuneytinu 7. mars 2006 og hennar sæti tók Guðjón Ólafur Jónsson. Þann 22. ágúst 2006 tilkynnti Framsóknarflokkurinn að Sæunn Stefánsdóttir tæki sæti í heilbrigðis- og trygginganefnd í stað Guðjóns Ólafs.

### Iðnaðarnefnd

Birkir J. Jónsson formaður  
Einar Oddur Kristjánsson varaform.  
Gunnar Örlygsson  
Helgi Hjörvar  
Jóhann Ársælsson  
Katrín Júlíusdóttir  
Kjartan Ólafsson  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Sigurjón Þórðarson

### Landbúnaðarnefnd

Drífa Hjartardóttir formaður  
Magnús Stefánsson varaform.<sup>9</sup>  
Anna Kristín Gunnarsdóttir  
Dagný Jónsdóttir<sup>10</sup>  
Guðmundur Hallvarðsson  
Gunnar Örlygsson  
Jón Bjarnason  
Margrét Frímannsdóttir  
Valdimar L. Friðriksson

### Menntamálanefnd

Sigurður Kári Kristjánsson formaður  
Dagný Jónsdóttir varaform.  
Björgvin G. Sigurðsson  
Einar Már Sigurðarson  
Hjálmar Árnason  
Kjartan Ólafsson  
Kolbrún Halldórsdóttir  
Mörður Árnason  
Sigurrós Þorgrímsdóttir

### Samgöngunefnd

Guðmundur Hallvarðsson formaður  
Hjálmar Árnason varaform.  
Anna Kristín Gunnarsdóttir  
Guðjón Hjörleifsson  
Guðjón A. Kristjánsson  
Kristján L. Möller  
Magnús Stefánsson<sup>11</sup>  
Sigurrós Þorgrímsdóttir  
Þórunn Sveinbjarnardóttir



Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra mælir fyrir sínu fyrsta fjárlagafrumvarpi 6. október 2005. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Geir H. Haarde utanríkisráðherra sitja honum á hægri hönd og Einar Már Sigurðarson í salnum. Birgir Ármannsson er forseti fundarins og honum á hægri hönd situr Vigdís Jónsdóttir, forstöðumaður þingfundasviðs.

### Sjávarútvegsnefnd

Guðjón Hjörleifsson formaður  
Kristinn H. Gunnarsson varaform.  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
Hjálmar Árnason  
Jóhann Ársælsson  
Jón Gunnarsson  
Kristján L. Möller  
Magnús Þór Hafsteinsson

### Umhverfisnefnd

Guðlaugur Þór Þórðarson formaður  
Kristinn H. Gunnarsson varaform.  
Ásta R. Jóhannesdóttir  
Ásta Möller  
Kjartan Ólafsson  
Kolbrún Halldórsdóttir  
Mörður Árnason  
Rannveig Guðmundsdóttir  
Sigurrós Þorgrímsdóttir

### Utanríkismálanefnd

Halldór Blöndal formaður  
Siv Friðleifsdóttir varaform.<sup>12</sup>  
Bjarni Benediktsson  
Drífa Hjartardóttir  
Jón Gunnarsson  
Jónína Bjartmarz<sup>13</sup>  
Steingrímur J. Sigfússon  
Þórunn Sveinbjarnardóttir  
Össur Skarphéðinsson  
Varamenn:  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Hjálmar Árnason  
Sigurrós Þorgrímsdóttir  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
Ágúst Ólafur Ágústsson  
Dagný Jónsdóttir  
Guðjón A. Kristjánsson  
Margrét Frímannsdóttir  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

9 Magnús Stefánsson hætti í landbúnaðarnefnd 15. júní 2006 þegar hann varð félagsmálaráðherra. Kristinn H. Gunnarsson tók sæti hans og varð varaformaður.

10 Guðjón Ólafur Jónsson tók sæti Dagnýjar Jónsdóttur þann 7. mars 2006.

11 Magnús Stefánsson vék úr samgöngunefnd þegar hann varð félagsmálaráðherra 15. júní 2006. Sæti hans tók Jón Kristjánsson.

12 Siv Friðleifsdóttir hætti í utanríkismálanefnd þegar hún varð heilbrigðisráðherra 7. mars 2006 og sæti hennar tók Magnús Stefánsson. Hann hætti síðan 15. júní þegar hann varð félagsmálaráðherra. Jón Kristjánsson tók sæti hans og varð varaformaður.

13 Jónína Bjartmarz hætti í utanríkismálanefnd 15. júní 2006 þegar hún varð umhverfisráðherra. Á fundi Framsóknarflokksins 22. ágúst 2006 var ákveðið að Sæunn Stefánsdóttir tæki sæti í utanríkismálanefnd.

## ALPJÓÐANEFNDIR

Skipan alþjóðanefnda við upphaf þings, og breytingar sem urðu á þingtím-  
anum:

### Íslandsdeild Alþjóðaðþingman- sambandsins

Ásta Möller formaður  
Hjálmar Árnason varaform.  
Kristján L. Möller

### Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA

Guðlaugur Þór Þórðarson formaður  
Kristinn H. Gunnarsson varaform.<sup>14</sup>  
Bjarni Benediktsson  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir  
Lúðvík Bergvinsson

### Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins

Birgir Ármannsson formaður  
Siv Friðleifsdóttir varaform.<sup>15</sup>  
Margrét Frímansdóttir

### Íslandsdeild NATO-þingsins

Össur Skarphéðinsson formaður  
Einar Oddur Kristjánsson varaform.  
Magnús Stefánsson

### Íslandsdeild Norðurlandaráðs

Jónína Bjartmarz formaður  
Drífa Hjartardóttir varaform.  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Ásta R. Jóhannesdóttir  
Kjartan Ólafsson  
Rannveig Guðmundsdóttir  
Steingrímur J. Sigfússon

### Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál

Sigurður Kári Kristjánsson formaður  
Magnús Stefánsson varaform.  
Björgvin G. Sigurðsson



Þingmennirnir Lúðvík Bergvinsson, Bjarni Benediktsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Sigurður Kári Kristjánsson sóttu EFTA-fund á Höfn í Hornafirði 26. júní 2006 ásamt Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra.

### Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins

Halldór Blöndal formaður  
Hjálmar Árnason varaform.  
Anna Kristín Gunnarsdóttir  
Guðrún Ögmundsdóttir  
Sigurjón Þórðarson  
Sigurrós Þorgrímsdóttir

### Íslandsdeild þings Vestur- Evrópusambandsins

Guðjón Hjörleifsson formaður  
Gunnar Örlygsson varaform.  
Einar Már Sigurðarson

### Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu

Pétur H. Blöndal formaður  
Dagný Jónsdóttir varaform.  
Jóhanna Sigurðardóttir

<sup>14</sup> Þann 9. mars 2006 tók Birkir J. Jónsson sæti Kristins H. Gunnarssonar og jafnframt við varaformennsku.

<sup>15</sup> Siv Friðleifsdóttir hætti í nefndinni 9. mars 2006. Kristinn H. Gunnarsson tók sæti hennar og tók jafnframt við varaformennskunni.



Forseti Íslands setti 132. löggjafarþing laugardaginn 1. október 2005. Þingfundir stóðu frá 1. október til 9. desember 2005, frá 17. janúar til 4. maí og frá 30. maí til 3. júní 2006. Þá var þingi frestað til septemberloka. Þingfundadagar voru alls 100, þingfundir urðu 125 og stóðu samtals í 628 klukkustundir. Lengsti þingfundurinn stóð í rúmlega 16 klukkustundir. 35 fundir stóðu lengur en til kl. 8 að kvöldi.

Kjördæmadagar voru 28. október til 2. nóvember í kjölfar Norðurlandaráðsþings sem haldið var á Íslandi að þessu sinni. Lágu þingfundir niðri á meðan. Alls voru 11 starfsdagar eingöngu helgaðir nefndastarfi.

## ÞINGMÁL

Á 132. þingi urðu fyrir utan fjárlagaumræðuna mestar umræður um vatnalög og breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Miklar umræður urðu einnig um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Lagafrumvörp voru samtals 234 á þinginu. Stjórnarfrumvörp voru 138 og þingmannafrumvörp 93. Frumvörp frá nefndum voru þrjú. 135 stjórnarfrumvörpum og 51 þingmannafrumvarpi var vísað til nefnda þaðan sem 120 stjórnarfrumvörp og tvö þingmannafrumvörp voru afgreidd. 115 stjórnarfrumvörp voru gerð að lögum og tvö frumvörp þingmanna. Af 234 frumvörpum urðu alls 120 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 119. Stjórnartillögur voru 19, þingmannatillögur 99 og ein kom frá nefnd. 26 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, 19 frá ríkisstjórninni, sex frá þingmönnum og tillagan frá nefndinni.

Af fyrirspurnum á þingskjölum var óskað eftir munnlegu svari við 247 fyrirspurnum og af þeim var 240 svarað. Beðið var um skrifleg svör við 186 fyrirspurnum og bárust 179 svör.



*Gudmundur Magnússon tók í nóvember 2005 sæti sem varaþingmaður fyrir Ögmund Jónasson. Gudmundur er í hjólastól og fékk að tala úr sæti sínu. Þar sem hann tók sæti í fyrsta sinn þurfti hann að undirrita drengskaparheit. Helgi Bernódusson skrifstofustjóri færði honum skjalíð til undirritunar við það tækifæri. Aðrir þingmenn eru Einar Már Sigurðarson, Jóhanna Sigurðardóttir og Kristján Möller.*


Óundirbúnar, munnlegar fyrirspurnir til ráðherra skv. 49. gr. þingskapa voru 49, 42 komu frá stjórnarandstöðuþingmönnum og sjö frá stjórnarliðum. Alls svöruðu ráðherrar 482 fyrirspurnum á 132. þingi.

Skýrslur voru samtals 27, 22 voru lagðar fram á þingskjölum og ein var sam-


kvæmt beiðni. Munnlegar skýrslur ráðherra voru þrjár og að auki mælti forseti Alþingis fyrir tveim skýrslum, þ.e. skýrslu umboðsmanns Alþingis og skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Umræður utan dagskrár voru 47 og hófu stjórnarandstöðuþingmenn 38 þeirra

*Þingsályktanir sem hlutfall af framlögðum tillögum*



Framlögð þingmál á 132. löggjafarþingi til samanburðar við fyrri þing



124. og 129. þing voru stutt aukþing og eru ekki með í yfirlitinu.

en stjórnarþingmenn níu. Athugasemdir um störf þingsins í upphafi fundar voru á 61 þingfundi.

Atkvæðagreiðslur voru alls 1812; flestar fóru fram með rafrænum hætti en tvisvar sinnum var nafnakall. Atkvæðagreiðslur tóku samtals 18 klukkustundir. 70% atkvæðagreiðslanna voru sam-

hljóða, í 30% þeirra voru mótatkvæði eða hjáseta.

Alls komu til meðferðar í þinginu 811 mál. Tala prentaðra þingskjala var 1527.

Í töflum um skiptingu ræðutíma milli umræðna og skiptingu ræðna eftir stjórn og stjórnarandstöðu eru allar ræður, svo sem andsvör, athugasemdir og þegar

þingmenn gera grein fyrir atkvæðum sínum, teknar með.

#### ÞINGFUNDIR

Á 132. þingi var heildarfundartími 628 klukkustundir. Mestur tími fer jafnan í umræður um frumvörp til laga og tóku þær 383 klukkustundir. Næstmestu af tíma þingsins var varið í fyrirspurnir og svör við þeim, 62 klukkustundum. Umræður um þingsályktunartillögur taka einnig drjúgan tíma en umræður um þær stóðu í 51 klukkustund.

Nánari skiptingu fundartíma á 132. löggjafarþingi má sjá í kökuriti á næstu síðu.

#### ÞINGNEFNDIR

Á 132. löggjafarþingi héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundadagana. Þá voru 11 dagar ætlaðir eingöngu til nefndastarfa. Alls héldu fastanefndir 378 fundi sem stóðu í samtals 567 klukkustundir. Samtals komu 1480 gestir á fundi fastanefndanna og 267 þingmálum var vísað til þeirra.

Nefndirnar sendu 5332 beiðnir um umsagnir um samtals 188 þingmál og bárust um 3000 erindi um þau. Þar af bárust rúm 800 erindi til fjárlaganefndar í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrumvarps. Að auki bárust 124 erindi um önnur mál en þingmál.

Af þeim 267 þingmálum sem vísað var til nefnda voru 186 lagafrumvörp, þar af 135 frá ríkisstjórn en 51 flutt af þingmönnum.

Nefndirnar afgreiddu með nefndarálit 122 lagafrumvörp, 120 stjórnarfrumvörp og tvö þingmannafrumvörp.

Af þingsályktunartillögum sem vísað var til nefnda voru 16 frá ríkisstjórn en 65 frá þingmönnum.

Alls voru 16 stjórnartillögur afgreiddar með nefndarálit en sex þingmannatillögur. Þingsályktunartillögur um þingfrestun, en þær voru þrjár á þinginu, voru

Tíu mest ræddu málin á 132. löggjafarþingi

Heiti máls	Tími í klst.
Vatnalög	52
Ríkisútvarpið hf.	43
Fjárlög 2006	36
Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu	25
Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins	15
Stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009	9
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.	9
Kjaradómur og kjaranefnd	8
Fjárukalög 2005	8
Stjórn fiskveiða	8




afgreiddar við eina umræðu og var þeim ekki vísað til nefndar.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 123 þingmálum, 15 frá ríkisstjórn og 108 frá þingmönnum.

Fastanefndir (eða meiri hlutar þeirra) fluttu þrjú frumvörp og eina þingsályktunartillögu í eigin nafni og voru öll þau þingmál afgreidd. Engin nefnd skilaði skýrslu um mál sem tekið var upp að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 26. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Nánari upplýsingar um nefndarfundir og lengd þeirra, svo og afgreiðslu þingmála og skiptingu þeirra milli fastanefndanna 12 er að finna í töflu á næstu síðu um nefndastörf á 132. þingi.



#### LAGAFRUMVÖRP Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Alls framlögð	Afgreidd samhljóða	Afgreidd með ágreiningi	Afgreidd sem lög	Óafgreidd/Kölluð aftur
Ríkisstjórn	138	71	44	115	22/1
Stjórnarþingmenn	25	2	0	2	23
Stjórnarandstöðuþingmenn	68	0	0	0	68
Nefnd eða meiri hluti nefndar	3	3	0	3	0
<b>Samtals</b>	<b>234</b>	<b>76</b>	<b>44</b>	<b>120</b>	<b>114</b>

#### ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Alls framlagðar	Afgreiddar samhljóða	Afgreiddar með ágreiningi	Afgreiddar sem ályktanir	Óafgreiddar
Ríkisstjórn	19	18	1	19	0
Stjórnarþingmenn	30	6	0	6	24
Stjórnarandstöðuþingmenn	69	0	0	0	69
Nefnd eða meiri hluti nefndar	1	1	0	1	0
<b>Samtals</b>	<b>119</b>	<b>25</b>	<b>1</b>	<b>26</b>	<b>93</b>

#### FYRIRSPURNIR Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Ósk um munnlegt svar Fjöldi	Svarað	Ósk um skriflegt svar Fjöldi	Svarað	Óundirbúnar fyrirspurnir
Stjórnarþingmenn	30	25	51	48	7
Stjórnarandstöðuþingmenn	217	215	135	131	42
<b>Samtals</b>	<b>247</b>	<b>240</b>	<b>186</b>	<b>179</b>	<b>49</b>

#### SKÝRSLUR Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Skýrslur ráðherra skv. beiðni	Aðrar skýrslur ráðherra en skv. beiðni	Munnlegar skýrslur ráðherra	Munnlegar skýrslur frá stofnunum Alþingis	Skýrslur frá alþjóðanefndum	Skýrslur frá fastanefndum	Samtals skýrslur
1	12	3	2	9	0	27

*Skipting ræðna milli stjórnar- og stjórnarandstöðuþingmanna*

	Fjöldi ræðna	Tími í klst.
Stjórnarþingmenn	3577	177
Stjórnarandstöðuþingmenn	4967	401

*Skipting ræðutíma milli umræðna um afgreidd lagafrumvörp*

	Fjöldi ræðna	Tími í klst.
1. umræða	1903	127
2. umræða	1300	137
3. umræða	355	26

## FERÐIR FASTANEFNDA INNAN LANDS Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Nefnd	Staður og tilefni
Félagsmálanefnd	<b>Austurland</b> – Nefndin kynnti sér hvernig tekist hefur til með sameiningar sveitarfélaga annars vegar á Fljótsdalshéraði og hins vegar í Fjarðabyggð. Nefndin ferðaðist um svæðin tvö og endaði með að sigla frá Neskaupstað inn í Mjóafjörð. Síðari dag ferðarinnar fundaði nefndin með Vinnuálastofnun og forsvarsmönnum verkalyðsfélaga á svæðinu og var umræðuefnið staða erlends verkafólks. <b>12. og 13. september 2006.</b>
Heilbrigðis- og trygginganefnd	<b>Stór-Reykjavíkursvæði, Hveragerði og Reykjanes</b> – Nefndin heimsótti fyrirtæki í einkarekstri í heilbrigðisþjónustu, s.s. ART Medica, Heilsugæsluna Salahverfi, Náttúruvæðingafélag Íslands í Hveragerði og Bláa lónið ásamt Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. <b>14. september 2006.</b>
Fjárlaganefnd	<b>Suðausturland</b> – Nefndin hitti á ferð sinni fulltrúa sveitarstjórna og farið var yfir mál er lágu heimamönnum á hjarta. Með nefndarmönnum í för voru aðstoðarvegamálastjóri og ríkisendurskoðandi. Fyrsti viðkomustaður var á Klaustri og síðan voru haldnir fundir á nokkrum stöðum á Austurlandi með fulltrúum sveitarfélaga. <b>14. og 15. september 2006.</b>
Landbúnaðarnefnd	<b>Borgarfjörður</b> – Nefndin byrjaði á því að skoða Landnámssetrið í Borgarnesi og fór þaðan á Hvanneyri í heimsókn til Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem m.a. var farið yfir starfsemi Landbúnaðarháskólans og þróun hans eftir sameiningu Garðyrkjuskóla ríkisins, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. <b>25. september 2006.</b>

Á 132. þingi fóru fjórar fastanefndir í lengri vettvangsferðir sem sjá má í yfirlitstöflu um ferðir fastanefnda. Þá hafa fastanefndir farið í nokkrar styttri heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess.

### Nefndastörf á 132. löggjafarþingi

	Fundir	Fundartími (klst.)	Mál til nefnda	Afgreidd mál	Nefndarálit Samhljóða	Ágreiningur	Umsagnarbeiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Mál flutt af nefnd
Allsherjarnefnd	40	69	42	21	16	5	846	423	158	3
Efnahags- og viðskiptanefnd	48	69	51	33	29	4	1074	439	203	0
Félagsmálanefnd	31	53	27	9	8	2	446	183	83	0
Fjárlaganefnd	34	60	4	4	0	4	0	807	230	0
Heilbrigðis- og trygginganefnd	31	46	12	3	2	1	189	125	100	0
Iðnaðarnefnd	35	57	10	8	5	3	412	142	133	0
Kjörbréfanefnd	2	0,5								
Landbúnaðarnefnd	22	32	15	11	11	0	442	113	110	0
Menntamálanefnd	43	67	28	9	5	4	713	295	242	1
Samgöngunefnd	24	36	24	11	8	3	672	213	91	0
Sérnefnd	1	0,5	2	0	0	0	0	0	0	0
Sjávarútvegsnefnd	20	23	10	4	2	2	216	89	49	0
Umhverfisnefnd	28	36	17	10	7	2	238	126	39	0
Utánríkismálanefnd	19	18	25	21	21	0	84	32	42	0
Alls	378	567	267	144	114	30	5332	2987	1480	4

Forseti Alþingis fór í tvær opinberar heimsóknir á 132. löggjafarþingi og sótti að vanda fundi þingforseta. Hann tók jafnframt þátt í hátíðahöldum á vegum erlendra þinga og ráðstefnum þar sem jafnréttismál voru í hávegum höfð. Snar þáttur í starfi forseta Alþingis er ævinlega að sinna samskiptum við önnur þing og ýmsa gesti Alþingis.

Forseti Alþingis tekur ár hvert á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu, bæði forsetum annarra þinga og erlendum sendinefndum, sem og öðrum gestum. Þá heimsækja margir gestir annarra stjórnvalda forseta Alþingis.

## HEIMSÓKNIR OG FUNDIR FORSETA ALÞINGIS Í ÚTLÖNDUM

### Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

<b>Pétursborg</b> 6.–8. október 2005	Fjórða alþjóðlega ráðstefnan um konur og lýðræði. <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, þingmennirnir Jónína Bjartmarz, Jóhanna Sigurðardóttir, Puriður Backman og Rannveig Guðmundsdóttir og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Ósló</b> 23.–24. janúar 2006	Fundur norræna þingforseta. <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri, og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Mónakó</b> 26.–28. febrúar 2006	Fyrsti fundur þingforseta smárikja í Evrópu. <i>3. varaforseti Alþingis, Birgir Ármannsson, Jón Gunnarsson, þingmaður, og Tómas Brynjólfsson, alþjóðaritari.</i>
<b>New York</b> 27. febrúar 2006	Fundur kvenþingforseta í telefni 50. fundar nefndar Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna. <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>New York</b> 1. mars 2006	Þingmannafundur Alþjóðþingmannasambandsins (IPU). <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, þingmennirnir Ásta Möller og Jóhanna Sigurðardóttir og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Ungverjaland</b> 15.–18. mars 2006	Opinber heimsókn til ungverska þingsins. <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, þingmennirnir Magnús Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir og Einar Oddur Kristjánsson og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Írland</b> 2.–6. apríl 2006	Opinber heimsókn til írska þingsins. <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, þingmennirnir Rannveig Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson, Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri, og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Tallinn</b> 30.–31. maí 2006	Fundur þingforseta aðildarríkja Evrópuráðsins. <i>1. varaforseti Alþingis, Rannveig Guðmundsdóttir, og Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri.</i>
<b>Qaqortoq</b> 31. maí–2. júní 2006	Vestnorræn kvennaráðstefna. <i>5. varaforseti Alþingis, Puriður Backman, Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmaður, og Tómas Brynjólfsson, alþjóðaritari.</i>
<b>Helsinki</b> 1. júní 2006	100 ára afmæli finnska þingsins. <i>1. varaforseti Alþingis, Rannveig Guðmundsdóttir, og Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri.</i>
<b>Kíl</b> 17.–20. júní 2006	Kílarvika. <i>1. varaforseti Alþingis, Rannveig Guðmundsdóttir.</i>
<b>Mön</b> 2.–6. júlí 2006	Setning Manarþings. <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Manitoba</b> 1.–7. ágúst 2006	Íslendingadagurinn í Gimli. <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu.</i>
<b>Helsinki</b> 24.–25. ágúst 2006	Fundur vestnorræna þingforseta. <i>Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, og Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri.</i>



Föstudaginn 9. desember 2005 heimsótti Valerie Amos barónessa, leiðtogi bresku ríkisstjórnarinnar í lávarðadeildinni, Sólveigu Pétursdóttur forseta Alþingis.

Alþingi tekur þátt í starfi níu fjölþjóðlegra þingmannasamtaka og á yfirliti um störf alþjóðanefnda á bls. 19 má sjá helstu fundi og ráðstefnur sem hver Íslandsdeild sótti. Einstakir nefndarmenn sækja jafnframt ráðstefnur og nefndarfundi sem ekki eru tíundaðir hér en má finna í ársskýrslu hvernar nefndar. Alþingismenn tóku að sér margvísleg trúnaðarstörf á vegum alþjóðasamtaka á 132. þingi. Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz gegndu embættum forseta og varaforseta Norðurlandaráðs út árið 2005 en Íslandsdeildin gegnir þar formennsku fimmta hvert ár. Norðurlandaráðsþing var jafnframt haldið í Reykjavík. Drífa Hjartardóttir var formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs og Steingrímur J. Sigfússon varaformaður nefndarinnar.

Birgir Ármannsson var formaður Vestnorræna ráðsins til ársloka 2005. Ásta Möller var tilnefnd af IPU til að semja skýrslu um hryðjuverk og orkumál og var skýrslan, ásamt ályktunardrögum, lögð fram í ágúst 2006. Guðlaugur Þór Þórðarson var skipaður skýrsluhöfundur hjá þingmannanefnd EES og hóf vinnu við skýrslu um innleiðingu EES-löggjafar.

Drífa Hjartardóttir, 6. varaforseti Alþingis, tók fyrir hönd forsætisnefndar sæti í stjórnarnefnd Eystrasaltsráðstefnunnar sem sá um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar í Reykjavík.

## ERLENDAR HEIMSÓKNIR TIL ALÞINGIS Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Vinnuheimsókn frá Guernsey.	10.–12. október 2005
Heimsókn framkvæmdastjóra ESB á sviði orkumála.	27. október 2005
Opinber heimsókn Björns von Sydows, forseta sænska þingsins.	3.–4. nóvember 2005
Heimsókn Valerie Amos barónessu, leiðtoga bresku ríkisstjórnarinnar í lávarðadeildinni.	9. desember 2005
Heimsókn varautanríkisráðherra Georgíu ásamt þingmanni.	28. mars 2006
Heimsókn varaforseta efri deildar rússneska þingsins.	30. mars 2006
Opinber heimsókn Georges Reids, forseta skoska þingsins.	10.–13. apríl 2006
Heimsókn vináttuhóps rússnesku Dúmunnar.	18.–19. maí 2006
Heimsókn þingmanna úr menntamálanefnd tékkneska þingsins.	22. maí 2006
Heimsókn sendinefndar frá héraðsþingi Innri-Mongólíu í Kína.	2. júní 2006
Vinnuheimsókn Zhang Meiyíng, varaforseta kínverska ráðgjafarþingsins, ásamt sendinefnd.	25.–28. júní 2006
Heimsókn Cheng Siwei, varaformanns stjórnarnefndar kínverska þingsins.	7. september 2006
Heimsókn Yoshihiko Tsuchiya, fyrrverandi forseta öldungadeildar japanska þingsins.	7. september 2006
Opinber heimsókn sendinefndar frá fylkisþingi Kaliforníu.	7.–13. september 2006
Opinber heimsókn Viktoras Muntianas, forseta litháíska þingsins.	27.–30. september 2006

## ALÞJÓÐLEGIR FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR Á ÍSLANDI Á VEGUM ALÞINGIS Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

57. þing Norðurlandaráðs.	25.–27. október 2005
Fundir forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins.	25.–27. október 2005
Fundir þingmannanefndar EFTA.	26.–27. júní 2006
Sumarfundur eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs.	20.–23. ágúst 2006
Eystrasaltsráðstefnan.	4.–5. september 2006

## ÞÁTTTAKA ÞINGMANNA Í RÁÐSTEFNUM OG FUNDUM ERLENDIS (ÖÐRUM EN FUNDUM ALÞJÓÐANEFNDA) Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

<b>New York</b>	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.
9.–21. október 2005	Margrét Frímannsdóttir, Birkir J. Jónsson og Magnús Þór Hafsteinsson.
<b>New York</b>	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.
23. okt.–4. nóv. 2005	Bjarni Benediktsson, Gunnar Örylgsson og Katrín Júlíusdóttir.
<b>Stokkhólmur</b>	Fræðsluferð ungra þingmanna.
15.–17. febrúar 2006	Sigurður Kári Kristjánsson, Katrín Júlíusdóttir og Dagný Jónsdóttir.

## STÖRF ALÞJÓÐANEFNDA Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Íslandsdeild Alþjóða- þingmannasambandsins.	Þing í Genf í október 2005, WTO-ráðstefna í Hong Kong í desember 2005 og þing í Nairóbí í maí 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 848.</i>
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA.	Fundir í Brussel í nóvember 2005 og mars 2006, í Genf í nóvember 2005, Helsinki í mars 2006, í Tromsö í maí 2006 og á Höfn í Hornafirði í júní 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 812.</i>
Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.	Fjórir þingfundir í Strassborg; í október 2005, janúar, apríl og júní 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 863.</i>
Íslandsdeild NATO-þingsins.	Ársfundur í Kaupmannahöfn í nóvember 2005 og vorfundur í París í maí 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 860.</i>
Íslandsdeild Norðurlandaráðs.	Norðurlandaráðsþing í Reykjavík í október 2005. Reglulegir fundir í Ósló í janúar 2006, Stokkhólmi í apríl 2006 og í Lahti í september 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 832.</i>
Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.	Fundir í Ottawa í mars 2006, Kaupmannahöfn í maí 2006 og Kiruna í ágúst 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 837.</i>
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.	Þemaráðstefna í Maniitsoq í júní 2006 og ársfundur í Þórshöfn í ágúst 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 838.</i>
Íslandsdeild þings Vestur- Evrópusambandsins.	Þing í París í desember 2005 og í júní 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 861.</i>
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnu- stofnunar Evrópu.	Vetrarfundur í Vínarborg í febrúar 2006 og ársfundur í Brussel í júlí 2006. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 811.</i>

## ERLEND SAMSKIPTI FASTANEFNDA Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Desember 2005	Samráðsfundur formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, haldinn í Kaupmannahöfn, þar sem m.a. var fjallað um Norður-Atlantshafstengslin og samstarfið innan NATO, samskipti við fyrrum Sovétlýðveldin og átökin í Miðausturlöndum. <i>Varaformaður utanríkismálanefndar, Siv Friðleifsdóttir</i>
Febrúar 2006	Ráðstefna í Vilnius um Norður-Atlantshafstengslin og lýðræðislegar umbætur í fyrrum Sovétlýðveldum. <i>Formaður utanríkismálanefndar, Halldór Blöndal</i>
Mars 2006	Samráðsfundur formanna utanríkismálanefnda með ráðamönnum í Washington, Richard Lugar, formanni utanríkismálanefndar Bandaríkjapings, og Daniel Fried aðstoðarutanríkisráðherra, auk funda í þjóðaröryggisráðinu og með sérfræðingum í öryggis- og varnarmálum við m.a. Johns Hopkins háskóla. <i>Formaður utanríkismálanefndar, Halldór Blöndal</i>



*Viktoras Muntianas, forseti litháíska þingsins, Seimas, heimsótti Alþingi í lok september 2006. Tímasetning heimsóknarinnar var valin með tilliti til þess að þá voru liðin 15 ár frá því Ísland og Litháen tóku upp stjórn málasamband. Á fundi þingforsetanna færði Sólveig Pétursdóttir Viktoras Muntianas að gjöf tvær innrammaðar þingsályktanir Alþingis. Sú fyrri var ályktun Alþingis samþykkt 12. mars 1990 um heillaðskir til litháísku þjóðarinnar vegna sjálfstæðisfyrirlysingar litháíska þingsins. Sú síðari var ályktun Alþingis samþykkt 11. febrúar 1991 sem staðfesti að viðurkenning sjálfstæðis Litháens frá 1922 væri í fullu gildi og fól ríkisstjórninni að taka upp stjórn málasamband við Litháen svo fljótt sem verða mætti.*



# Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning



Um 1.300 grunnskólanemendur komu í heimsókn árið 2005 og fræddust um Alþingishúsið og störf Alþingis. Nemendur Hjallaskóla stilltu sér upp til myndatöku að heimsókn lokinni.

Útgáfuefni Alþingis er ætlað þingmönnum, starfsmönnum, fréttamönnum og öðrum almennum notendum, hvort sem er á pappír eða vef.

## VEFUR ALÞINGIS

Gestir á vef Alþingis voru flestir í apríl og nóvember árið 2005 enda voru þá annir á þinginu í hámarki. Gestum fækkaði í þinghléum og urðu fæstir í júlí. Flettingar voru 4.325.966 á árinu (360.947 á mánuði) í 826.993 innlitum yfir árið (69.916 á mánuði). Tæplega 400 fyrirspurnir bárust í tölvupósti til ritstjóra vefs Alþingis árið 2005. Langflestar vörðudu leit að þingmálum, ræðum og öðru efni sem tengist þingstörfunum.

## HEIMSÓKNIR SKÓLANEMA OG ANNARRA HÓPA Í ALÞINGISHÚSIÐ

Árið 2005 komu alls 6.923 gestir í Alþingishúsið sem eru næstum helmingi fleiri en árið 2004. Ópið hús var haft

þann 24. september 2005 til að kynna endurbætur innan húss og þann dag komu ríflega 2.500 manns.

Flestir gestanna eru nemendur sem koma í skipulögðum heimsóknum á vegum skóla, framhaldsskólanemar voru

1.180, grunnskólanemar 1.304 og háskólanemar 188. Vegna framkvæmda í Alþingishúsinu var ekki hægt að taka á móti gestum í tæpa fjóra mánuði, frá maílokum og fram undir septemberlok.

## EFNI ÚTGEFIÐ AF ALÞINGI Á 132. LÖGGJAFARÞINGI

Staða þingmála	Kemur út vikulega á meðan þingfundir standa.
Staða mála í fastanefndum	Kemur út vikulega á meðan þingfundir standa.
Velkomin á þingpalla	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út þrisvar sinnum.
Hagfréttir upplýsingaþjónustu	Kemur út vikulega allt árið.
Starfsáætlun Alþingis	Kemur út við upphaf þings í október.
Yfirlit yfir alþjóðanefndir	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum.
Yfirlit yfir fastanefndir	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum.
Bústaðalisti	Október 2005
Símaskrá Alþingis	Nóvember 2005
Ársskýrsla Alþingis 2004–2005	Desember 2005
Alþingistiðindi 2004–2005	Koma út reglulega allt árið.



Í fyrrgreindum tölum eru hvorki taldir gestir sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundum né gestir þingforseta.

#### SKJALAAFGREIÐSLA FYRIR ALMENNING

Hjá skjalaafgreiðslu eru þingskjöl afgreidd til almennings og innan skrifstofu þingsins. Þar eru einnig veittar upplýsingar í síma um leit á vef Alþingis. Gestakomum og fyrirspurnum hefur farið fækkandi á síðustu árum enda er orðið til muna auðveldara að nálgast upplýsingar á vef. Fyrirspurnir í síma til skjalaafgreiðslu voru alls 858 en árið áður voru þær 1.274. Gestir skjalaafgreiðslu voru 289 en árið 2004 voru þeir 294.

Heimsóknir á vef Alþingis árið 2005			
	Gestir	Innlit	Flettingar
janúar	23.831	67.775	360.288
febrúar	23.351	76.044	431.642
mars	23.556	75.925	415.332
apríl	26.488	86.816	482.444
maí	22.043	72.286	388.013
júní	13.945	43.505	187.978
júlí	12.654	36.054	158.771
ágúst	16.278	50.701	236.983
september	23.182	69.524	361.026
október	26.315	84.067	437.310
nóvember	28.263	97.235	522.644
desember	21.164	67.061	343.535
Samtals	261.070	826.993	4.325.966

## Sérstakar athafnir

#### TVÆR MÓTTÖKUR

Á 132. löggjafarþingi stóð forseti Alþingis fyrir tveimur sérstökum móttökum í Alþingishúsinu. Í nóvember tók forseti á móti fyrsta eintaki ritsins „Íslensk tunga“ og í desember veitti forseti viðtöku hressileikaverðlaunum Ný-ungar, ungliðahreyfingar Sjálfsbjargar. Sú viðurkenning kom í kjölfar þess átaks sem gert hefur verið í að auka aðgengi fatlaðra að þinghúsinu og m.a. upp á þingpalla. Haustið 2005 var sett lyfta í húsið sem gerir nú fólki í hjólastólum kleift að komast á þingpalla til að fylgjast með þingfundum.



Afhending ritsins „Íslensk tunga“ fór fram í Alþingishúsinu 26. nóvember 2005. Eiríkur Rögnvaldsson háskólakennari og einn af aðstandendum ritsins afhendir Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra og Sólveigu Pétursdóttur forseta Alþingis fyrsta eintakið. Sigurður Svavarsson frá Eddu – útgáfu sést í bakgrunni.



Sigrún Brynja Einarsdóttir nefndarritari (fæðingarorlof).  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.  
Sigurður Rúnar Sigurjónsson nefndarritari.  
Svala Valdemarsdóttir ritstjóri skjalaparts Alþingistíðinda.  
Þórdís Kristleifsdóttir skjalalesari.

### Upplýsinga- og tæknisvið:

Karl M. Kristjánsson forstöðumaður.<sup>3</sup>  
Berglind Steinsdóttir upplýsingafulltrúi.<sup>4</sup>  
Garðar Adolffson kerfisstjóri.  
Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.  
Guðný Ragnarsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur.  
Guðríður Bryndís Jónsdóttir fulltrúi.  
Hildur Gróa Gunnarsdóttir upplýsinga- fulltrúi (launalaust leyfi).  
Ingvi Stígsson gagnagrunnsstjóri.  
Kristín Geirsdóttir deildarstjóri upplýsingaþjónustu.  
Solveig K. Jónsdóttir deildarstjóri almannatengsla.  
Sveinn Ásgeir Jónsson net- og kerfis- stjóri.  
Tómas Brynjólfsson sérfræðingur.  
Viggó Gíslason bókasafns- og upplýsingafræðingur.  
Þorbjörg Árnadóttir deildarstjóri tölvu- deildar.

### Upplýsingakerfi:

Dejan Rackov forritari.  
Hörður Hauksson forritari.  
Stefán Freyr Stefánsson forritari.

### Þingfundasvið:

Vigdís Jónsdóttir forstöðumaður.  
Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.  
Berglind Karlsdóttir fulltrúi.  
Birgitta Bragadóttir ræðulesari.  
Björgvin Geir Kemp tæknistjóri.

## STARFSMENN SKRIFSTOFU ALÞINGIS

1. OKTÓBER 2005

### Skrifstofustjóri:

Helgi Bernódusson.

### Rekstrar- og fjármálastjóri:

Karl M. Kristjánsson.

### Almenn skrifstofa:

Þorsteinn Magnússon forstöðumaður.  
Hafðís Þórólfsdóttir ritari.

### Rekstrarskrifstofa:

Páll Haraldsson forstöðumaður.  
Ágúst Karlsson aðalbókari.  
Fjóla Valdimarsdóttir gjaldkeri, launa- fulltrúi.  
Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.  
Ólafur G. Thorarensen umsjónarmaður fasteigna.  
Ragnar Bragason aðstoðarmaður umsjón- armanns fasteigna.  
Saga Steinþórsdóttir launafulltrúi.

### Alþjóðasvið:

Belinda Theriault forstöðumaður.  
Arna Gerður Bang alþjóðaritari.  
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.  
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðarit- ari.  
Stígur Stefánsson alþjóðaritari.  
Þröstur Freyr Gylfason fulltrúi.

### Vestnorræna ráðið:

Þórður Þórarinnsson framkvæmdastjóri.

### Nefndasvið:

Hafðís Helga Ólafsdóttir forstöðumað- ur.<sup>1</sup>  
Einar Farestveit aðstoðarforstöðumaður.<sup>2</sup>  
Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.  
Bjarnís Gunnarsdóttir matráðskona.  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari.  
Elísabet Rán Andrésdóttir nefndarritari.  
Erna Erlingsdóttir skjalalesari.  
Friðrik Magnússon ritstjóri.  
Guðmundur Guðbergsson umsjónar- maður, pósthjónusta.  
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri skjala (námsleyfi).  
Hanna Sigríður Garðarsdóttir aðstoðar- matráðskona.  
Haukur Hannesson skjalalesari.  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir nefndarritari.  
Hugrún R. Hólmgeirsdóttir skjalalesari.  
Ingvar Þór Sigurðsson nefndarritari.  
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.  
Ragnheiður Sumarliðadóttir umsjónar- maður.  
Selma Hafliðadóttir nefndarritari.

1 Á 132. þingi starfaði Hafðís Ólafsdóttir innan al- mennrar skrifstofu og sinni sérstökum lögfræðilegum verkefnum fyrir forseta og yfirstjórn.

2 Á 132. þingi gegndi Einar Farestveit starfi forstöðu- manns í fjarveru Hafðisar.

3 Ekki var ráðið í starf forstöðumanns á 132. þingi, en Karl M. Kristjánsson rekstrar- og fjármálastjóri gegndi því starfi samhliða öðrum störfum.

4 Berglind Steinsdóttir gegndi starfi upplýsingafulltrúa í fjarveru Hildar Gróa Gunnarsdóttur.



Blóðfita þingmanna og starfsmanna var mæld í Kringlunni í Alþingishúsinu 30. mars 2006. Verið er að mæla hjá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þingmanni og Jensína Stefánsdóttir matráðskona býst til að setjast hinum megin. Af öðrum á myndinni má þekkja Þormóð Sveinsson þingvörð og Rannveigu Haraldsdóttur þingmannaritara.

Hlöðver Ellertsson ræðulesari.  
 Jón Einar Böðvarsson ritstjóri efnisyfirlits  
 Alþingistiðinda.  
 Jón Ólafsson ræðuritari.  
 Jóna Guðmundsdóttir ræðulesari.  
 Kjartan Hallur Grétarsson ræðulesari.  
 María Gréta Guðjónsdóttir ritstjóri  
 ræðuparts Alþingistiðinda.  
 Pétur Einarsson umsjónarmaður skjalageymslu.  
 Sigríður H. Þorsteinsdóttir ræðulesari.  
 Sigurlín Hermannsdóttir ritstjóri  
 ræðuparts Alþingistiðinda.  
 Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.  
 Sverrir Herbertsson umsjónarmaður  
 skjalageymslu.  
 Úlfar Sveinbjörnsson  
 hljóðupptökumaður.

#### Skönnun Alþingistiðinda, Ólafsfirði:

Magnús Albert Sveinsson verkefnisstjóri.  
 Guðný Ágústsdóttir ritari.  
 Sigríður Guðmundsdóttir ritari.

#### Þjónustusvið:

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður.  
 Anna Albertsdóttir sendill (veikindaleyfi).

Arnar Freyr Vigfússon þingvörður.  
 Bentína Haraldsdóttir fulltrúi/ræsting.  
 Bentína Jónsdóttir ræsting.  
 Brynjar N. Benediktsson næturvörður.  
 Dóra Guðrún Pálsdóttir ritari þingmanna.  
 Elísabet Stefánsdóttir ritari þingmanna.  
 Erna Sampsted ræsting.  
 Friðleifur Helgason þingvörður.  
 Geirfinna Guðrún Óladóttir ritari þingmanna.  
 Guðbjörg Erlín Guðmundsdóttir ræsting.  
 Guðfinna Gísladóttir þingvörður.  
 Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri þingvörslu.  
 Guðríður Sigurðardóttir ræsting.  
 Gunnar Már Jóhannsson næturvörður.  
 Heinz H. Steimann næturvörður.  
 Hrafnkell Már Stefánsson þingvörður.  
 Hrefna Sigurðardóttir ræsting.  
 Ingibjörg Ósk Birgisdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.  
 Jensína Stefánsdóttir framreiðslukona.  
 Jón Elías Gunnlaugsson næturvörður.  
 Jón Skúli Traustason þingvörður.  
 Magnea Áslaug Guðnadóttir ræsting.

Magnúsína Valdimarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.  
 Margrét Ósk Árnadóttir ritari þingmanna.  
 María Ditas de Jesus þingvörður.  
 Ólafía K. Jónsdóttir ritari þingmanna.  
 Ólöf Guðmundsdóttir ræsting.  
 Óskar Bjarki Bjarnason næturvörður.  
 Rakel Ragnarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.  
 Rannveig Haraldsdóttir ritari þingmanna.  
 Regína Óskarsdóttir ritari þingmanna.  
 Sigríður Dögg Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.  
 Sigríður Helga Völundardóttir þingvörður (veikindaleyfi).  
 Sigurður Almar Ómarsson þingvörður.  
 Sigurjón Sigurðsson næturvörður.  
 Svana Björnsdóttir framreiðslukona.  
 Sveinborg Steinunn Olsen ræsting.  
 Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir matráðskona.  
 Þorgeir Jónsson ljósritun.  
 Þorgeir Ragnarsson næturvörður.  
 Þormóður Sveinsson vaktstjóri þingvörslu.

#### YFIRSTJÓRN OG FORSTÖÐUMENN

Yfirstjórn skrifstofunnar, sem skipuð var Helga Bernódussyni, Karli M. Kristjánssyni, Vigdísí Jónsdóttur og Þorsteini Magnússyni, hélt líkt og á undanförunum árum vikulega fundi meðan þing sat, en færri fundir voru í þinghléi. Fundir voru yfirleitt haldnir fyrir hádegi á þriðjudögum og á 132. þingi voru alls haldnir 33 fundir. Sameiginlegir fundir yfirstjórnar og forstöðumanna voru að jafnaði haldnir í framhaldi af fundum yfirstjórnar og voru slíkir fundir 25 á 132. þingi.

#### LEYFI

Á árinu 2005 var Hafdís Helga Ólafsdóttir, þá forstöðumaður nefndasviðs, í námsleyfi frá 1. janúar til 30. júní. Auk þess var hún í launalausni leyfi frá 15.



Úlfar Sveinbjörnsson lét í lok 132. þings af störfum eftir 18 ár sem upptökustjóri Alþingis. Áður en hann varð fastur starfsmaður 1988 hafði hann í fimm ár starfað sem verktafi. Hann heldur á bjöllu forseta Alþingis í Alþingisgarðinum og á bak við hann sést tréð sem hann renndi bjöllustandinn úr. Fundarhamarinn renndi hann líka úr sama viði.

ágúst til 31. desember 2004. Leyfið nýtti Hafdís til að ljúka meistaranámi í Evrópurétti við Háskólann í Lundi. Þá var Guðrún Þóra Guðmannsdóttir í námsleyfi frá 1. janúar til 30. júní 2006. Námsleyfið notaði hún til að sækja bæði námskeið í íslensku og þýðingafraeðum við Háskóla Íslands. Þá dvaldi hún mánuð í Kaupmannahöfn við dönskunám og til að kynna sér ýmsa þætti í starfsemi skrifstofu danska þingsins. Hildur Gróa Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi var í launalausú leyfi 1. september 2005 til 1. ágúst 2006 og stundaði framhaldsnám í safnafræði við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

#### FRÆÐASAMFÉLAG STARFSMANNA

Innan skrifstofunnar er starfandi „Fræðafélag“ sem er vettvangur meðal starfsfólks Alþingis fyrir umræður um efni er hefur ríka skírskotun til starfa þess fyrir þingið. Á 132. löggjafarþingi stóð félagið

#### ERLEND SAMSKIPTI STARFSFÓLKS Á ÁRINU 2005

Ósló/Kaupmannahöfn	Fundur skrifstofustjóra norrænu þinganna og Eyrstrasaltsþinganna. <i>Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri</i>
París	Ráðstefna FORUM 2005. <i>Tómas Brynjólfsson, sérfræðingur á alþjóðasviði</i>
Brussel	EFTA-seminar um Evrópska efnahagssvæðið. <i>Elin Valdís Þorsteinsdóttir, Hlín Lilja Sigfúsdóttir og Stefán Árni Auðólfsson, lögfræðingar á nefndasviði</i>
Barcelona	Documentum/Momentum-ráðstefna. <i>Ingi Stígsson, gagnagrunnsstjóri</i>
Kaupmannahöfn	Dönskunám í Berlitz. <i>Ólöf Þórarinsdóttir, forstöðumaður þjónustusviðs</i>
Salisbury	Enskunám. <i>Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri</i>
Vín	Intersteno-ráðstefna. <i>María Gréta Guðjónsdóttir og Sigurlín Hermansdóttir, ritstjórar ræðuparts, og Svanhildur Edda Þórðardóttir, ræðulesari á þingfundasviði</i>
Ósló	21. ársfundur alþjóðlegrar bókasafnaráðstefnu og rannsóknþjónustu þinga (Annual International Conference of Library and Research Services for Parliaments). <i>Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu</i>
Helsinki	Stjórnýslyfundur (forvaltningsmøde). <i>Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri, Ólöf Þórarinsdóttir, forstöðumaður þjónustusviðs, og Páll Haraldsson, forstöðumaður rekstrarskrifstofu</i>
Bergamo	15. evrópska málþingið um tungumál til sérstakra nota. (The 15th European Symposium on Language for Special Purposes). <i>Björgvin Geir Kemp, tæknistjóri, Hlöðver Ellertsson, ræðulesari, og Sigurður Jónsson, aðstoðarforstöðumaður, á þingfundasviði</i>
Ósló	Samráðsfundur upplýsinga- og kynningarfulltrúa norrænu þinganna. <i>Solveig K. Jónsdóttir, deildarstjóri almannatengsla</i>
Kaupmannahöfn	Heimsókn í danska þingið. <i>Garðar Adolfsson, kerfisstjóri, og Sveinn Ásgeir Jónsson, net- og kerfisstjóri, á upplýsinga- og tæknisviði</i>
Helsinki	Samstarfsfundur starfsmanna þingbókasafnanna á Norðurlöndum (STM). <i>Viggó Gíslason, bókasafns- og upplýsingafraeðingur</i>
Helsinki	Fræðslufundur norrænu þjóðþinganna (Nordiska Parlamentenes utbildningsmöde). <i>Ólöf Þórarinsdóttir, forstöðumaður þjónustusviðs</i>
Brussel	Heimsókn í Evrópuþingið og belgíska þingið. <i>Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri</i>
Kaupmannahöfn	Fylgst með fundarsvæði á NATO. <i>Ólöf Þórarinsdóttir, forstöðumaður þjónustusviðs, og Guðlaugur Ágústsson, deildarstjóri þingvörslu</i>
London	Heimsókn í breska þingið. <i>Tómas Brynjólfsson, sérfræðingur á alþjóðasviði</i>

fyrir tveimur fræðslufundum sem voru vel sóttir. Í janúar 2006 flutti Tómas Brynjólfsson erindi um hlutverk rannsóknarþjónustu skrifstofu neðri málstofu breska þingsins, en hann var þar í heim-

sókn nokkru áður. Í september 2006 var svo Guðný Ragnarsdóttir með kynningu á MSc. Econ.-ritgerð, en viðfangsefni ritgerðarinnar er rannsókn á upplýsingaþörf alþingismanna.



Sem fyrr fór starfsemi á vegum Alþingis fram í allmörgum húseignum í miðborg Reykjavíkur. Að auki er Jónshús í Kaupmannahöfn í eigu Alþingis, svo og fræðimannsíbúð sem starfrækt er í tengslum við við Jónshús. Þá leigir Alþingi geymsluhúsnæði við Ægisgötu.

Alþingi hefur á leigu tímabundið íbúð í gamla prestsbústaðnum á Sauðanesi á Langanesi. Íbúðin er til afnota fyrir þingmenn, fyrrverandi þingmenn, starfsfólk Alþingis og fræðimenn. Sumarið 2006 dvöldu í íbúðinni einn fyrrverandi alþingismaður, þrír starfsmenn skrifstofu Alþingis og fjórir fræðimenn. Afnot af íbúðinni eru auglýst á vorin.



*Tveir þingflokkar, Frjálslyndi flokkurinn og Samfylkingin, eru með fundaraðstöðu í Skála en Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Vinstri hreyfingin – grænt framboð halda þingflokksfundu í Alþingishúsinu. Skrifstofur þingmannanna eru í nálægum húsum.*

## HÚS Í EIGU ALÞINGIS

	Starfsemi
Alþingishúsið	Þingsalur, fundarherbergi, vinnuástaða fréttamanna og skrifstofur starfsmanna.
Skáli	Aðalinnangangur í Alþingishúsið, pósthólf þingmanna, fundarherbergi, símaskiptiborð og matsalur.
Þórshamar Vonarstræti 8	Skrifstofur starfsmanna upplýsinga- og tæknisviðs. Skrifstofur starfsfólks þingfundasviðs sem sinnir útgáfu ræðuhluta Alþingistiðinda.
Vonarstræti 12	Skrifstofur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins.
Blöndahls- og Kristjánshús	Skrifstofa forseta Alþingis og skrifstofustjóra, starfsfólks rekstrarskrifstofu og almennrar skrifstofu.
Jónshús í Kaupmannahöfn	Félagsheimili og bókasafn Íslendinga í Kaupmannahöfn. Minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur.
Fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn	Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum.

## HÚS SEM ALÞINGI LEIGIR

Austurstræti 8–10	Skrifstofur þingmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Skrifstofur starfsmanna nefndasviðs og fundarherbergi fastanefnda.
Austurstræti 12	Skrifstofur þingmanna Samfylkingarinnar og skrifstofur alþjóðasviðs Alþingis.
Austurstræti 14	Skrifstofur þingmanna Samfylkingarinnar.

# Stofnanir Alþingis 2005

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994. Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 2003 var Tryggvi Gunnarsson endurkjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára frá 1. janúar 2004 að telja. Á árinu 2005 voru skráð 314 mál. Þar af voru 312 kvartanir en tvö mál voru tekin upp að eigin frumkvæði umboðsmanns. Lokið var 325 málum (89 voru til meðferðar í ársbyrjun en 78 í árslok). Starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru átta í árslok 2004.

## RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin m.a. framkvæmt stjórnslu- og umhverfisendurskoðanir. Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sigurður Þórðarson var endurráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til sex ára frá og með 1. júlí 2004. Fastráðnir starfsmenn voru í árslok 2005 49 talsins. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 11 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana. Samtals áritaði stofnunin 344 ársreikninga og samdi 238 endurskoðunarskýrslur á árinu 2005. Auk skýrslunnar Endurskoðunar ríkisreiknings sendi stofnunin frá sér átta opinberar



*Jónshús í Kaupmannahöfn. Á skildinum fyrir ofan gluggann stendur: Jón Sigurðsson átti hér heimili frá haustinu 1852 og dó hér 1879. „Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur.“*

skýrslur og leiðbeiningarrit og 11 greinargerðir.

## JÓNSHÚS Í KAUPMANNAHÖFN

Jónshús við Øster-Voldgade 12 í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Þau hjón bjuggu í húsinu

frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu og nú er þar félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, bókasafn og minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn aðstöðu í húsinu. Þá er þar íbúð umsjónarmanns sem áður var íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjón-



---

armanns. Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann en fram að því höfðu fræðimenn haft íbúð í Jónshúsi. Nú er þar vinnuherbergi fyrir fræðimenn.

Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar. Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum. Fyrir tímabilið 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 bárust 28 umsóknir um afnot af íbúðinni. 11 fræðimenn fengu úthlutað:

**Bergljót S. Kristjánsdóttir**, til að rannsaka Gerplu, svo og dróttkvæðar vísur.

**Dagný Kristjánsdóttir**, til að rannsaka einkenni barnabóka.

**Gunnlaugur A. Jónsson**, til að kanna upphaf sögulegra biblíurannsókna á Íslandi 1890–1920 í ljósi danskra og skandinavískra áhrifa.

**Halldór Guðmundsson**, til að undirbúa rit um líf tveggja skálda, Gunnars Gunnarssonar og Þórbergs Þórðarsonar.

**Halldóra Jónsdóttir**, til að vinna við íslensk-danska skólaorðabók.

**Hrafnhildur Schram**, til að kanna verk Júlíönu Sveinsdóttur listmálara.

**Kristján Jóhann Jónsson**, til að afla efnis í rit um Grím Thomsen – þjóðskáld og heimsborgara.

**Sigríður Dúna Kristmundsdóttir**, til að rannsaka ævi og störf Ólafu Jóhannsdóttur.

**Sigríður Matthíasdóttir**, til að rannsaka gögn um þjóðernishugmyndir Jóns Aðils sagnfræðings.

**Þorleifur Hauksson**, til að undirbúa útgáfu Sverrissögu.

**Þorsteinn Helgason**, til að rannsaka gögn um Tyrkjaránið.





*Ársreikningur Alþingis 2005*



## Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu

Á árinu 2005 varð 29,0 millj. kr. tekjuafgangur af rekstri Alþingis. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 138,9 millj. kr. og eigið fé nam 101,7 millj. kr. í árslok 2005.

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og rekstrar- og fjármálastjóri staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2005 með áritun sinni.

Alþingi, 26. apríl 2006

Sólveig Pétursdóttir  
forseti Alþingis

Helgi Bernóðusson  
skrifstofustjóri Alþingis

Karl M. Kristjánsson  
rekstrar- og fjármálastjóri

## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Alþingis fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar 1-16. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Alþingis og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a. að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka, að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur, að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni, þar sem við á, og að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 30. apríl 2006

Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi

Sigurjón I. Haraldsson

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2005

Rekstrartekjur:	2005	2004
Sölutekjur .....	8.503.710	8.768.144
Aðrar tekjur .....	4.060.514	1.644.765
	<u>12.564.224</u>	<u>10.412.909</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Alþingiskostnaður .....	654.064.400	641.099.999
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	55.000.000	54.999.998
Fastanefndir .....	8.010.851	7.317.905
Alþjóðasamstarf .....	98.675.696	60.762.295
Almennur rekstur .....	639.984.380	618.408.662
Sérverkefni .....	23.621.343	26.911.356
Rekstur fasteigna .....	150.656.508	141.821.848
	<u>1.630.013.178</u>	<u>1.551.322.063</u>
Viðhald fasteigna .....	133.613.438	165.747.772
Stofnkostnaður .....	78.393.046	75.792.079
	<u>1.842.019.662</u>	<u>1.792.861.914</u>
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða .....	( 1.829.455.438)	( 1.782.449.005)
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld).....	<u>3.802.974</u>	<u>1.752.037</u>
Tekjuhalli án ríkisframlags .....	( 1.825.652.464)	( 1.780.696.968)
Ríkisframlag .....	<u>1.854.700.000</u>	<u>1.772.400.000</u>
Tekjuafgangur (-halli)	<u>29.047.536</u>	( 8.296.968)



## Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignarhlutir í félögum:	2005	2004
Hlutafé .....	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Ríkissjóður .....	113.932.157	74.792.564
Birgðir .....	1.504.938	1.325.025
Viðskiptakröfur .....	9.837.186	6.852.280
Handbært fé .....	<u>13.503.321</u>	<u>22.341.664</u>
Veltufjármunir	<u>138.777.602</u>	<u>105.311.533</u>
Eignir alls	<u>138.869.602</u>	<u>105.403.533</u>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>		
<b>Höfuðstóll:</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	72.605.888	80.902.855
Tekjuafgangur (-halli) ársins .....	<u>29.047.536</u>	( <u>8.296.968</u> )
Höfuðstóll	<u>101.653.424</u>	<u>72.605.887</u>
<b>Annað eigið fé:</b>		
Framlag til eignamyndunar .....	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Annað eigið fé	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Eigið fé	<u>101.745.424</u>	<u>72.697.887</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>		
Bankalán .....	<u>0</u>	<u>4.040.482</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	<u>37.124.178</u>	<u>28.665.163</u>
	<u>37.124.178</u>	<u>28.665.163</u>
Eigið fé og skuldir	<u>138.869.602</u>	<u>105.403.532</u>

# Skýringar með ársreikningi 2005 (útdráttur)

## Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Alþingis er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

## Fjárheimildir og rekstur

Framlög á fjárlögum til Alþingis námu 1.809 millj. kr. Viðbótarfjárheimild á fjáráukalögum nam samtals 15 millj. kr. sem ráðstafað var til viðhalds og endurbóta á Alþingishúsi. Einnig hækkuðu fjárheimildir um 30,7 millj. kr. vegna launabóta. Fjárheimildir ársins 2005 námu því alls 1.854,7 millj. kr. Rekstrargjöld Alþingis, að frádregnum sértekjum, námu samtals 1.825,7 millj. kr. og urðu því um 29 millj. kr., þ.e. 1,6% innan fjárheimilda ársins 2005.

Fjárheimildir ársins 2005 skiptast eins og að neðan greinir eftir viðföngum (fjárhæðir í þús. kr.):

	Reikningur 2005	Fjárheimild 2005	Mismunur
Alþingiskostnaður .....	654.064	686.600	32.536
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	55.000	55.100	100
Fastanefndir .....	8.011	16.100	8.089
Alþjóðasamstarf .....	98.676	121.100	22.424
Almennur rekstur .....	639.984	652.300	12.316
Sérverkefni .....	23.621	26.100	2.479
Rekstur fasteigna .....	150.657	147.400	( 3.257)
Viðhald fasteigna .....	133.613	99.000	( 34.613)
Stofnkostnaður, tæki, fasteignir .....	78.393	59.100	( 19.293)
	<u>1.842.020</u>	<u>1.862.800</u>	<u>20.780</u>
Sértekjur .....	( 12.564)	( 8.100)	4.464
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) nettó	( 3.803)	0	3.803
Samtals	<u>1.825.653</u>	<u>1.854.700</u>	<u>29.047</u>

## Tegundir gjalda

Gjöld ársins 2005 umfram tekjur námu 1.825,7 millj. kr. og skiptast þannig:

	2005	2004
Launakostnaður skrifstofu Alþingis .....	537.629.568	511.326.287
Þingfararkaup og -kostnaður aðal- og varamanna .....	570.975.482	563.157.735
Önnur gjöld .....	672.245.412	659.210.134
Tilfærslur .....	<u>61.203.000</u>	<u>59.428.398</u>
Gjöld samtals	1.842.053.462	1.793.122.554
Sértekjur .....	( 16.400.998)	( 12.425.586)
Gjöld umfram tekjur .....	<u>1.825.652.464</u>	<u>1.780.696.968</u>

## SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

### Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reiknings-skilareglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Alþingis hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

## SUNDURLIÐANIR

### Alþingiskostnaður

Þingfararkaup er föst laun alþingismanna. Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, s.s. símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl.

	2005	2004
Þingfararkaup .....	463.122.947	457.307.331
Þingfararkostnaður, fastar greiðslur .....	107.852.535	105.850.404
Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur .....	83.088.918	77.942.264
	<u>654.064.400</u>	<u>641.099.999</u>

### Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum.

	2005	2004
Þingflokkur Framsóknarflokksins .....	10.514.704	10.514.704
Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins .....	19.007.354	18.602.942
Þingflokkur Samfylkingarinnar .....	16.985.296	16.985.296
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ...	4.852.940	4.852.940
Þingflokkur Frjálslynda flokksins .....	3.639.706	4.044.116
	<u>55.000.000</u>	<u>54.999.998</u>

## Alþjóðasamstarf

Kostnaður við alþjóðasamstarf Alþingis felst í útgjöldum við starfsemi alþjóðanefnda, auk alþjóðasamstarfs á vegum forseta Alþingis og forsætisnefndar. Útgjöld við alþjóðanefndir þingsins eru fyrst og fremst ferðakostnaður, kostnaður við ráðstefnuhald og þátttökugjöld. Ársþing Norðurlandaráðs er haldið til skiptis í höfuðborgum Norðurlanda og var komið að Reykjavík á árinu 2005. Á árinu 2005 voru að auki haldnir tveir stórir fundir á Íslandi sem voru stjórnarnefndarfundur NATO-þingsins og jafnréttisráðstefna Evrópuráðsþingsins.

	2005	2004
Norðurlandaráðsþing í Reykjavík .....	34.546.462	0
Íslandsdeild Norðurlandaráðs .....	13.399.593	13.410.903
Íslandsdeild NATO-þingsins .....	5.456.573	5.447.345
Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins .....	6.653.768	6.031.791
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA .....	5.613.921	7.121.005
Alþjóðáþingmannasambandið .....	6.054.439	5.985.314
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins .....	6.804.882	8.169.933
Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna .....	3.154.911	3.004.439
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu .....	2.480.423	2.024.999
Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins .....	1.352.057	1.340.457
Ráðstefnur og fundir á Íslandi .....	9.918.055	3.789.925
Annað erlent samstarf .....	3.240.612	4.436.184
	<u>98.675.696</u>	<u>60.762.295</u>